

SAMNINGUR

um þátttöku í Birtingakerfi

Greiðsluveitunnar

1. gr.

Aðilar.

Greiðsluveitan ehf., kt. 680800-3240, hér eftir einnig nefnd félagið, og [X, heimilisfang, kt. X], hér eftir nefndur þátttakandi, gera með sér eftirfarandi samning um þátttöku [X] í Birtingakerfi Greiðsluveitunnar, hér eftir nefnt Birtingakerfið.

Einnig er vísað til framangreindra sem samningsaðila eða aðila og skal hvor um sig teljast samningsaðili eða aðili. Tilvísun til samningsaðila skal jafnframt teljast vera tilvísun til löglegra framsalshafa samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

2. gr.

Réttarheimildir.

Greiðsluveitan starfrækir Birtingakerfið í samræmi við reglur Greiðsluveitunnar um þátttöku í Birtingakerfi hennar frá 18. nóvember 2011.

Með undirritun samnings þessa er staðfest aðild þátttakanda að Birtingakerfinu. Með undirritun sinni skuldbinda samningsaðilar sig til að fara í öllu eftir ákvæðum þeirra reglna sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar.

Ef ákvæði samningsins reynast vera í ósamræmi við ákvæði framangreindra reglna, skal við túlkun samningsins gæta þess að ákvæði þeirra gangi framur ákvæðum samningsins.

3. gr.

Framsal réttinda.

Þátttakanda er með öllu óheimilt að framselja eða yfirfæra réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila án skriflegs samþykkis Greiðsluveitunnar. Ef slíkt samþykki fæst, fer framsalið fram með þeim hætti sem félagið ákveður. Með yfirfærslu er einnig átt við hvers kyns samruna, sameiningu eða skiptingu félags, hvort sem það er að eigin frumkvæði eða samkvæmt ákvörðun stjórnvalda.

4. gr.

Breyting og endurskoðun.

Þátttakandi er bundinn af reglum Greiðsluveitunnar um þátttöku í Birtingakerfi. Verði gerðar breytingar á reglunum á samningstíma ber að tilkynna þátttakanda um þær með minnst tveggja vikna fyrirvara. Ef breyting verður á gjaldskrá skal það tilkynnt þátttakanda með minnst mánaðar fyrirvara.

Hver samningsaðili getur hvenær sem er á gildistíma samnings þessa óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans. Verði af hálfu beggja samningsaðila fallist á breytingar skulu þær gerðar skriflega sem viðauki við samninginn.

5. gr.

Ágreiningur.

Um samning þennan gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur út af honum skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

6. gr.

Gildistaka og uppsögn.

Samningur þessi tekur gildi X. XXX 201X og er ótímabundinn. Samningsaðilar geta sagt honum upp með 36 mánaða fyrirvara ef annað hefur ekki verið ákveðið.

Samningur þessi er undirritaður í tveimur samhljóða eintökum og fær hvor samningsaðili eitt eintak. Hvort eintak fyrir sig telst vera fullgilt frumrit samningsins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal endurskoða samning þennan fyrir 31. desember 2013. Samningurinn heldur þó gildi sínu eftir þann tíma ef annað hefur ekki verið ákveðið.

Greiðsluveitan ehf.

X Þátttakandi hf.

Reykjavík,

Reykjavík,

Logi Ragnarsson

.....
.....